

# Kostir og gallar snjallsímanotkunar

Þetta er verkefni þar sem þátttakendur ræða um snjallsímanotkun.

<b>Þema</b>	Miðlalæsi: kostir og gallar snjallsímanotkunar
<b>Aldur</b>	Frá 6. bekk.
<b>Tími</b>	45 mínútur.
<b>Markmið</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að meta kosti og galla snjallsímanotkunar.</li> <li>• Reyna að átta sig á hvernig er best að nota snjallsíma.</li> </ul>
<b>Undirbúningur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Raða húsgögnum í stofunni svo hver hópur hafi svæði til að vinna.</li> <li>• Vera með A3 karton, liti og önnur gögn til að útbúa veggspjald.</li> </ul>

## Kennsluleiðbeiningar

Nemendum er skipt í hópa, 3-6 nemendur í hóp þar af einn ritari. Myndböndin eru sýnd og innihald þeirra rætt samkvæmt eftirfarandi fyrimælum. Áætlað er að verkefnið taki 45 mínútur.

- 5 mín. Fyrri myndbandið <https://www.youtube.com/watch?v=OINa46HeWg8>
- 10 mín. Umræður í 3-6 manna hópum
  - Kannist þið við aðstæður eins og komu fram í myndbandinu?
  - Hvernig upplifið þið svona aðstæður?
  - Er þetta jákvæð eða neikvæð þróun?
- 10 mín. Seinna myndbandið <https://www.youtube.com/watch?v=RsO9Ml1azM>
- 10 mín. Sömu hópar - svara spurningum á blaði
  - Hvernig hefur snjallsími hjálpað ykkur?
  - Hvernig hefur snjallsími skemmt fyrir ykkur? Til dæmis á tónleikum, merkilegum viðburðum í skólanum o.s.frv.
  - Hvað getum við gert til að laga „ástandið“?
- 10 mín. Ritarar hópanna segja frá þeirra niðurstöðum. Umræður um niðurstöður.